

1. Fundur stjórnar – 13. maí 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 12:30

Auk nýkjörins formanns, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur (JFF) sátu allir aðal- og varamenn stjórnar fundinn: Dóra Magnúsdóttir (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Halldór Kolbeins (HK, varam. tengdur fjarfundabúnaði), Hallfríður Þórarinsdóttir (HB, varam.), Jóhanna Magnúsdóttir (JM, varam.), Leifur Björnsson (LB), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ, varam.) og Snorri Steinn Sigurðsson (SSS).

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Kynning aðal- og varamanna í stjórn

Formaður óskar stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og stjórnarfólk kynnir sig stuttlega.

2. Stjórn skiptir með sér verkum, sbr. 12. gr. laga félagsins

Formaður leggur fram tillögu um að verkaskiptingu innan stjórnar verði endurskoðuð eftir auka-aðalfund í sept. nk. Sagðist hún bera fullt traust til allra stjórnarmanna, en lagði þunga áherslu á að sú togstreita sem ríkt hafi innan fyrri stjórnar tilheyri nú fortíðinni. Afar mikilvægt væri að stjórn starfaði saman sem ein heild og að með nýkjörinni stjórn væri nú nýtt upphaf hafið innan félagsins.

Tillaga um endurskoðun verkaskiptingar eftir auka-aðalfund í sept. nk. borin upp.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Formaður lagði þá fram eftirfarandi tillögu:

Varaformaður: Snorri Steinn Sigurðsson

Gjaldkeri: Guðný Margrét Emilsdóttir

Ritari: Dóra Magnúsdóttir

Afgreiðsla: Samþykkt með 4 greiddum atkv. 1 sat hjá.

3. Tilnefningar í fastanefndir, sbr. 18. gr. laga félagsins

Tillaga liggur fyrir um að eftirfarandi fulltrúar taki sæti í fastanefndum félagsins:

Fagráð: Indriði H. Þorláksson. Afgreiðsla: Samþykkt með þremur 3 atkv., 2 á móti.

Fræðslunefnd: Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar stjórnar.

Upplýsinganefnd: Jóhanna Magnúsdóttir Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Tilnefning í stjórn Endurmenntunarsjóðs

Lögð fram tillaga um að Guðný Margrét Emilsdóttir og Halldór Kolbeins taki sæti í stjórn sjóðsins.

Afgreiðsla: Samþykkt með 3 greiddum atkv. 2 sitja hjá

5. Viðræðu- og kjaranefnd vegna kjarasamninga

Formaður tjáði að hún hafi, ásamt SSS, átt tvo fundi nýverið vegna gildandi kjarasamnings. Skerpt var á þeirri staðreynd að viðræðu- og kjaranefnd haldi sínu umboði þar til trúnaðarráð skipi nýja nefnd. Viðræðunefnd verður boðuð á fund með SA/SAF mánudaginn 15. maí. nk. Lagt fram til kynningar.

Samþykkt að fela formanni að boða fyrsta fund trúnaðarráðs þann 25 maí. maí. kl.20.00 nk.

6. Menntamálastofnun - tilnefning í samstarfshóp um menntun og raunfærnimat

Stjórn tilnefnir Guðnýju Maríu Emilsdóttur, Sigurð Albert Ármannsson og Hallfríði Þórarinsdóttur í samstarfshópinn f.h. Leiðsagnar.

Afgreiðsla: Samþykkt einróma.

7. Lagabreytingar, sbr. ákvörðun aðalfundar 3. maí sl.

Stjórn felur formanni félagsins að hefja vinnu við lagabreytingar í samráði við sérfræðinga og fyrrverandi formenn Leiðsagnar, félags leiðsögumanna. Formaður upplýsi stjórn reglulega um gang mála.

Afgreiðsla: Samþykkt einróma.

8. Samskipti - Trúnaðarmál

Þrjú aðalmenn úr stjórn viku af fundi, varamenn tóku þeirra sæti. Bókað og skjalfært í trúnaðarmöppu.

SSS vikur af fundi kl. 13.50

9. Næsti fundur stjórnar

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði 24. maí nk., kl. 20.00.

10. Önnur mál:

- a. Erindi frá skrifstofu viðskipta- og ferðamála sem heyrir undir Menningar- og viðskiptaráðuneytið, dags. 11. maí sl.
Óskað er eftir tilnefningu aðila f.h. Leiðsagnar í starfshóp um aðgerðaráætlun Ferðamálastefnu 2030.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að fela formanni að taka sæti í starfshópi ráðuneytisins.

HK vikur af fundi kl. 14.02.

- b. Drög að starfsreglum er varða fundargerðir og fundarritun stjórnar
Drögin eru lögð fram af formanni.

Afgreiðsla: Þessum lið var frestað til næsta fundar.

Fundargerð borin upp til samþykktar. Samþykkt einróma.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14.17.

Fundarritun: DM